

Fundur samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd kom saman til fundar þann 13. janúar 2024 á Teams.

Fundinn sátu:

- Lilja B Ágústsdóttir
- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, KPMG sem ritaði fundargerð.

Jón Hrói setti fundinn kl. 10:00.

1. Samningur um vefsvæði

Samstarfsnefnd samþykkir að samningur verði gerður við Netvöktun vegna upplýsingasíðu um verkefnið. Notast verði við lénið www.borgfirdingar.is.

2. Íbúafundur

Lagt til að íbúafundi sem halda átti þann 16. janúar 2025 verði frestað til 23. janúar kl. 20:00. Samþykkt.

Kynning KPMG vegna íbúafundar kynnt samstarfsnefnd. KPMG uppfærir miðað við athugasemdir og sendir samstarfsnefnd til staðfestingar.

3. Upphafsdagur kosninga

Samþykkt að lagt verði til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna að tímabil íbúakosninga vegna sameiningar sveitarfélaganna verði frá 5. september 2025 til 20. september 2025.

4. Annað

Næsti fundartími verður ákveðin í samráði við samstarfsnefnd.

Fundi slitið kl. 10:39.